



Reykjavík, 14. janúar 2021

## Samkomulag um sátt vegna brota Sparisjóðs Strandamanna ses. á ákvæðum laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Hinn 2. desember 2020 gerði Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) og Sparisjóður Strandamanna ses. (hér eftir málsaðili) með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á ákvæðum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn eftirfarandi ákvæðum laga nr. 140/2018:

- 1. mgr. 5. gr. laganna, með því að áhættumat málsaðila var ófullnægjandi,
- 4. – 6. mgr. 5. gr. laganna, með því að hafa ófullnægjandi stefnu og verkferla vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
- 1. mgr. 10. gr. laganna, með því að hafa í sjö af níu tilvikum ekki krafist þess af lögaðilum, raunverulegum eigendum, prókúruhöfum og öðrum þeim sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns að þeir sönnuðu á sér deili með fullnægjandi hætti, sbr. b- og e-lið ákvæðisins og með því að hafa í 10 af 15 tilvikum ekki aflað upplýsinga um raunverulega eigendur, sbr. e-lið ákvæðisins,
- 2. mgr. 10. gr. laganna, með því að hafa í 13 af 15 tilvikum ekki sannreynt og/eða metið með sjálfstæðum hætti upplýsingar um raunverulega eigendur,
- 3. mgr. 10. gr. laganna, með því að hafa í sex af níu tilvikum ekki aflað fullnægjandi upplýsinga um tilgang og eðli viðskipta,
- e-lið 4. mgr. 10. gr. laganna með því að regluleg uppfærsla á upplýsingum um viðskiptamenn var ófullnægjandi,
- 5. og 6. mgr. 10. gr. og c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 13. gr. laganna, með því að alvarlegir vankantar voru á könnun áreiðanleika upplýsinga um tiltekinn viðskiptamann sem annast innheimtu smálána,
- 1. mgr. 17. gr. laganna, með því að eftirlit með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla var ófullnægjandi,
- 30. gr. laganna með því að hafa varðveitt gögn með ófullnægjandi hætti,
- 1. mgr. 33. gr. laganna, með því að þjálfun og fræðslu starfsmanna var ábótavant.

Þá viðurkennir málsaðili að hafa brotið gegn 1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna með því að hafa ekki viðeigandi eftirlitskerfi til að meta hvort viðskiptamenn væru á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 2.500.000 krónur.

Þá fellst málsaðili á að framkvæma fullnægjandi úrbætur innan tilgreindra tímamarka í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins, sbr. viðauka við samkomulag þetta. Viðaukinn telst ófrávíkjanlegur hluti af samkomulaginu.

### Málsatvik og lagagrundvöllur

Í október 2019 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun á starfsstöð málsaðila. Í athugininni var könnuð fylgni málsaðila við lög nr. 140/2018 og eftir atvikum eldri lög nr. 64/2006, lög nr. 64/2019, reglugerð nr. 545/2019, um áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, og reglugerð nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

Í vettvangsathuguninni var handvalið úrtak viðskiptamanna af fjórum listum sem málsaðili sendi Fjármálaeftirlitinu, þ.e. viðskiptamenn búsettir erlendis, allir lögaðilar, nýir lögaðilar sem komu í viðskipti við málsaðila á árinu 2019 og viðskiptamenn með meira en 10 m.kr. í innlánum. Fjármálaeftirlitið tók úrtak 20 viðskiptamanna, þ.e. 15 lögaðila og fimm einstaklinga. Farið var yfir áreiðanleikakönnun í heild sinni hjá níu lögaðilum af 15 í úrtakinu en einungis könnuð fylgni við könnun á áreiðanleika upplýsinga um raunverulega eigendur hjá hinum sex lögaðilunum. Ekki fundust annmarkar við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem voru einstaklingar.

Í vettvangsathuguninni komu í ljós fjölmargir annmarkar sem sneru að aðgerðum málsaðila gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Voru annmarkar taldir vera á flestum þeim aðgerðum sem teknar voru til skoðunar m.a. áhættumati, framkvæmd áreiðanleikakannana, reglubundnu eftirliti, stefnu, og verkferlum, eftirliti með því hvort viðskiptamenn væru á þvingunarlistum og eftirliti með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

### ***Áhættumat***

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 segir að tilkynningarskyldir aðilar skuli gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Matið skuli innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skuli m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Þessu til frekari fyllingar hefur dómismálaráðherra sett reglugerð nr. 545/2019, um áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

Í 4. – 6. mgr. 5. gr. laganna segir að tilkynningarskyldur aðili skuli hafa fullnægjandi skjalfesta stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk þess sem þau skulu samþykkt af yfirstjórn.

Við fyrrnefnda vettvangsathugun kom í ljós að áhættumat málsaðila og stefna, innri reglur og verkferlar voru ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 5. gr. laganna og reglugerð nr. 545/2019. Áhættumat málsaðila fól til að mynda ekki í sér greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka tengda viðskiptamönnum málsaðila, viðskiptalöndum, svæðum og dreifileiðum. Ekki var til að dreifa mati sparisjóðsins á áhættuþáttum í áhættumatinu heldur var einungis bein tilvísun í áhættumat ríkislögreglustjóra varðandi lýsingu á hverjum áhættuþætti fyrir sig. Þá lá ekki fyrir niðurstaða um hvaða veikleikar og ógnir beindust að málsaðila varðandi framangreinda áhættuþætti, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 545/2019. Með framangreindu telst málsaðili hafa brotið gegn 1. mgr. 5. gr. laganna.

Við vettvangsathugunina var óskað eftir þeirri stefnu og þeim verkferlum sem áskilið er að tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögunum setji í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laganna, sbr. einnig 5. og 6. mgr. ákvæðisins. Engir verkferlar reyndust til staðar. Þá hafði yfirstjórn málsaðila ekki staðfest stefnu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með framangreindu telst málsaðili hafa brotið gegn 4. til 6. mgr. 5. gr. laganna.

### ***Framkvæmd áreiðanleikakannana***

Í 10. gr. laga nr. 140/2018 er fjallað um könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Í 1. mgr. ákvæðisins er sú skylda lögð á tilkynningarskyldan aðila að kanna með nánar tilgreindum hætti hver viðskiptamaður hans sé og hverjir standi á bakvið hann, í 2. mgr. er þess krafist að tilkynningarskyldur aðili sannreyni upplýsingar um viðskiptamann sinn og í 3. mgr. er sú skylda lögð á tilkynningarskyldan aðila að hann kanni tilgang og eðli viðskiptanna. Í e-lið 4. mgr. segir að tilkynningarskyldur aðili skuli uppfæra upplýsingar um viðskiptamenn reglulega og í 5. mgr. segir að tilkynningarskyldir aðilar skulu meta hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila og hafi þeir vitneskju um að svo sé, eða ástæðu til að ætla það, ber þeim að sannreyna hver sá þriðji aðili er. Loks segir í 6. mgr. að tilkynningarskyldir aðilar geti gert auknar kröfur um könnun á áreiðanleika upplýsinga á grundvelli skjalfests áhættumats skv. 5. gr. þótt ekki séu uppi aðstæður skv. 13. gr. laganna. Sambærilegar kröfur voru gerðar í lögum nr. 64/2006 að því er varðar sönnun á deili, sannreynd upplýsinga, upplýsingar um tilgang og eðli viðskipta, uppfærslu upplýsinga og hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila.

Alvarlegustu annmarkarnir á starfsemi málsaðila, sem í ljós komu við vettvangsathugunina, sneru að framkvæmd áreiðanleikakannana, þá sérstaklega öflun upplýsinga um raunverulega eigendur lögaðila. Í 10 tilfellum af 15 sem skoðuð voru hafði ekki verið óskað eftir upplýsingum frá viðskiptamönnum um raunverulegan eiganda lögaðila og í 13 tilfellum af 15 höfðu upplýsingar um raunverulega eigendur ekki verið sannreynar, t.d. með uppflettingu í opinberri skrá og/eða á þær lagt sjálfstætt mat. Í sjö tilfellum af 15 var málsaðili því hvorki búinn að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda hjá viðskiptamanni né búinn að sannreyna og/eða leggja sjálfstætt mat á eignarhald viðskiptamanna við upphaf viðskiptasambands. Í þessum sjö tilfellum lágu því engar upplýsingar fyrir

## FJÁRMÁLAÆFTIRLIT

hjá málsaðila um eignarhald viðskiptamanna. Þá höfðu lögaðilar, raunverulegir eigendur, prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar í sjö tilfellum af níu sem skoðuð voru ekki sannað á sér deili með fullnægjandi hætti. Telst framangreint varða við 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að upplýsingar málsaðila um tilgang og eðli viðskipta voru ófullnægjandi í sex tilfellum af níu og þar með hafi málsaðili ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laganna.

Þá leiddi athugun Fjármálaeftirlitsins í ljós að upplýsingar um viðskiptamenn eru ekki uppfærðar nema í þeim tilfellum þegar óskað er eftir nýrri þjónustu, t.d. við stofnun bankareikninga. Telst framangreint varða við e-lið 4. mgr. 10. gr. laganna.

Vettvangsathugunin leiddi jafnframt í ljós annmarka varðandi könnun áreiðanleika upplýsinga um einn viðskiptamann, sem sér um innheimtu smálána. Alvarlegir vankantar voru taldir á framkvæmd áreiðanleikakönnunarinnar vegna þeirrar auknu áhættu sem þar var talin vera til staðar. Telst málsaðili með framangreindu hafa brotið gegn 5. og 6. mgr. 10. gr. og c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 13. gr. laganna.

### **Varðveisla gagna**

Vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins leiddi einnig í ljós annmarka á varðveislu gagna. Samkvæmt 30. gr. laganna skulu tilkynningarskyldir aðilar búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirsprungnum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða öðrum lögbærum stjórnvöldum hvort sem upplýsingarnar varða tiltekna aðila eða tiltekin viðskipti. Sambærilegar kröfur voru gerðar í lögum nr. 64/2006. Þá kemur fram í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 745/2019 að gögn skuli varðveitt með þeim hætti að unnt sé að afhenda eftirlitsaðila þau án tafar sé þess óskað. Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að öll gögn í tengslum við áreiðanleikakannanir viðskiptamanna voru geymd á pappírformi í möppum í eldvörðum skjalaskáp hjá málsaðila. Einu áreiðanleikakannanirnar sem voru vistaðar rafrænt voru þær sem höfðu verið framkvæmdar á árinu 2019. Með hliðsjón af starfsemi málsaðila, m.a. fjölda viðskiptamanna verður ekki séð að framangreind varðveisla gagna tengd áreiðanleikakönnunum viðskiptamanna fullnægi skilyrðum 30. gr. laganna um að geta brugðist skjótt við beiðnum eftirlitsaðila um upplýsingar.

### **Viðskiptamaður í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla**

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laganna skal tilkynningarskyldur aðili hafa viðeigandi kerfi, ferla og aðferðir til að meta hvort innlendir eða erlendir viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi sé í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Við vettvangsathugunina kom í ljós að málsaðili hefur aðgang að kerfinu Accuity en hefur ekki verið að nýta aðganginn til þess að fylgjast með því hvort viðskiptamenn séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá hefur málsaðili ekki verið að fylgjast með því hvort raunverulegir eigendur lögaðila séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Var þetta talið brot gegn 1. mgr. 17. gr. laganna.

### **Þjálfun og fræðsla**

Í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 140/2018 segir að tilkynningarskyldir aðilar skuli sjá til þess að starfsmenn þeirra hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Sambærilegar kröfur voru gerðar í lögum nr. 64/2006. Við vettvangsathugunina kom í ljós að haldinn hefur verið einn almennur fræðsludagur á ári ásamt því að fulltrúi annars sparisjóðs hefur sótt fræðslufundi hjá Fjármálaeftirlitinu og ríkislögreglustjóra fyrir hönd allra sparisjóða. Taldi Fjármálaeftirlitið ljóst af þessu að þjálfun starfsmanna uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 33. gr. laganna.

### **Frysting fjármuna**

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019, um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna, skulu tilkynningarskyldir aðilar hafa viðeigandi eftirlitskerfi til að meta hvort viðskiptamenn þeirra séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Í athugasemdum með 7. gr. í frumvarpi til laga nr. 64/2019 segir að með eftirlitskerfi sé átt við tölvukerfi eða gagnagrunn sem sækir ávallt nýjustu upplýsingarnar um þá sem eru á listum yfir þvingunaraðgerðir. Skimun gagnvart slíkum listum skal fara fram bæði í upphafi viðskiptasambands og reglulega á meðan samningssambandið varir, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna.

Við vettvangsathugunina kom í ljós að málsaðili hefur ekki kerfi til að fylgjast með hvort viðskiptamenn hans séu á þvingunarlustum og telst hann því ekki uppfylla þá skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laganna.

---

Brot á 5., 10., 17., 30. og 33. gr. laga nr. 140/2018 getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 1., 4., 11., 17. og 19. tölul. 1. mgr. 46. gr. laganna. Sektor sem lagðar eru á tilkynningarskylda aðila geta numið frá 5.000.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. og 4. mgr. 46. gr. laganna. Ef fyrir liggur að lögaðili sem brýtur gegn lögnum hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir 3. og 4. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt á tilkynningarskylda aðila vegna brota á 7. gr. laga nr. 64/2019 er sambærileg heimild eftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt samkvæmt lögum nr. 140/2018.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum með sátt vegna brota á lögum nr. 140/2018, sbr. 47. gr. laganna, og vegna brota á lögum nr. 64/2019, sbr. 21. gr. þeirra laga, sbr. einnig reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

## Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þvingingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. laga nr. 140/2018 skal, við ákvörðun stjórnvaldssekta tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að traustum vörnum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka er ætlað að hindra eða a.m.k. að draga verulega úr því að fjármunum sem stafa frá ólögmatrí háttsemi verði komið í umferð í hinu hefðbundna fjármálakerfi. Traustum vörnum er þar með ætlað að standa vörð um trúverðugleika, stöðugleika og orðspor fjármálamarkaðarins. Ónógar varnir skaða ekki aðeins orðspor fjármálakerfis viðkomandi ríkis heldur valda þær líka skaða á trúverðugleika ríkisins á alþjóðavettvangi. Málefnið varðar því almannahagsmuni.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar lítur Fjármálaeftirlitið til þess að málsaðili er með víðtækar starfsheimildir sem fjármála fyrirtæki, en hann er m.a. með leyfi fyrir innlánastarfsemi og til að stunda greiðsluþjónustu, en samkvæmt áhættumati ríkislögreglustjóra er hættan veruleg af því að innlánastarfsemi og greiðsluþjónusta sé nýtt í tengslum við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá lítur Fjármálaeftirlitið einnig til eðlis brota málsaðila, en athugun eftirlitsins leiddi í ljós víðtæka veikleika í aðgerðum málsaðila gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem hafa verið til staðar frá því í tíð eldri laga nr. 64/2006 og ekki er að sjá að breytingar hafi orðið þar á þegar ný lög nr. 140/2018 tóku gildi 1. janúar 2019. Um er að ræða brot gegn grundvallarþáttum í vörnum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og verður ekki séð að brotin séu tilfallandi. Allt þetta leiðir til aukinnar hættu á að málsaðilinn verði nýttur í tengslum við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þó er á það að líta að málsaðili er eingöngu með starfsemi á Íslandi og umfang starfseminnar er lítið samanborið við önnur fjármála fyrirtæki með sambærilegar starfsheimildir. Á þeim tíma þegar vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins var framkvæmd var mikill meirihluti viðskiptavina aðilar sem búsettir voru á starfssvæði málsaðila og á öðrum stöðum á Íslandi. Erlendir viðskiptavinir málsaðila voru fáir og enginn þeirra frá áhættusömum ríkjum. Við mat á alvarleika brots á 5. gr. laganna um gerð áhættumats er tekið tillit til þess að um er að ræða nýja skyldu sem útfærð var nánar með reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat sem birt var í Stjórnartíðindum 7. júní 2019, fjórum mánuðum áður en vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins hjá málsaðila hófst. Þá horfir það til lækkunar sektarfjárhæðar að nokkrar tafir hafa orðið á meðferð málsins hjá Fjármálaeftirlitinu sem málsaðili ber ekki ábyrgð á.

Með hliðsjón af framangreindu, heildarveltu málsaðilans m.v. ársreikning hans fyrir árið 2019, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 2.500.000 krónur.

## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Málsaðila er ekki gerð sérstök sekt vegna brots á 7. gr. laga nr. 64/2019 þar sem um er að ræða nýja skyldu og lögin tóku gildi 2. júlí 2019, aðeins rúmum 3 mánuðum áður en Fjármálaeftirlitið hóf vettvangsathugun hjá málsaðila.

### **Réttaráhrif**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 47. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, 21. gr. laga nr. 64/2019, um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarpöna, og reglna nr. 326/2019.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Málsaðili telst uppfylla sáttina við greiðslu sektarfjárhæðar og staðfestingu á að úrbótum sé lokið, sbr. nánar viðauka við samkomulag þetta.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, lýkur ekki úrbótum í samræmi við viðauka við samkomulagið, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný.